

1. Það er að aukast að nemendur séu að koma og fara á æfingar og keppni. Hvað finnst ykkur um afslátt fyrir þau á það? (sem er ákveðið flækjustig). Hvað finnst ykkur almennt um að þetta sér gert, ætti t.d að vera bannað að fara/koma... sem verður m.a. enn meira vandamál ef við erum nær borginni. Sem sagt hver er ykkar skoðun á þessu?

- Nei, ekki afslátt. Allir borga það sama.
- Val foreldra að sækja ef það er áriðandi tilfelli.
- Þarf að vera gild ástæða fyrir afslætti.
- Á ekki að vera hægt að ganga inn og út.
- Óþægilegt að vera nemandi og koma i mitt prógram.

2. Vegna mögulegra hærrí leigu; hvað má kosta fyrir nemendur fyrir slíka dvöl að ykkar mati, hvert er þakið?

- Svar: 30-40 þús- flestir sagt 30 þúsund, nokkrir 35 þúsund.

3. Þið sem voru að koma í fyrsta sinn, hvernig var það fyrir ykkur. Hvað kom á óvart?, hvað var óljóst sem má betur fara?, hvað líkaði ykkur illa? Fá matsblöð með þessari spurningu.

- Góð og róleg herbergi fyrir farastjóra.
- Vaktaplanið flókið en virkar.
- Má vera meiri tenging við Laxdælu.

4. Vegna breytinga eftir vor 2019; hvað skiptir mestu máli við leit af nýjum stað (aðstaða og starf) ?

- Gott aðgengi að íþróttahúsi og sundlaug. Allir leggja áherslu á þetta.
- Aðstaða til að halda utan um hópinn/gott að gæsla hópinn. Margir nefndu þetta.
- Gott umhverfi fyrir útivist.
- Staður tengdur íslendingasögum.
- Gisting fyrir farastjóra fjarri heimavist, þegar hann er ekki á vakt.

5 Hvað skiptir höfuð máli við undirbúning nemenda?

- Byggja upp spennu.
- Nýjir leikir.
- Siðferðin: virðing fyrir hlutum og bera ábyrgð.
- Jákvæð uppbygging.

6. Hvað má bæta í starfi okkar?

- Rólega stund i lok dags, t.d. jóga eða slökun, (15-20 mín).

7. Hvernig get ég notað reynsluna, af dvöl Laugum þegar heim er komið með nemendahóp mínum?

- Tengsl við þau verða betri.
- Þjálfra frumkvæði.
- Eigin ábyrgð.
- Nota meiri hópavinnu.
- Fylgja reglum.
- Laxdæla.
- Láta 9. bekk stýra leikjastöðvum eftir reynsluna á laugum.
- Frábært innlegg í bættum bekkjaranda.

8. Það hafa stór aukist bókanir skóla í Ungmennabúðirnar. Nánast í hverri viku er nýr nemendahópur að sækja um. Hvað teljið þið vera ástæðu þess að aukning sé á bókunum? Hvað er það sem nýir hópar eru að sækja í? Hver er breytingin í samfélaginu sem veldur þessu? Hver er umræðan í skólunum?

- Nemendur heyra frá eldri nemendum hvað það er gaman á Laugum. Umræðan í skólunum er mjög jákvæð. Gott umtal af búðunum.
- Efla sjálfstæði.
- Gott verð. Aukning á fjármagni í umferð.
- Fara út fyrir þægindarammann.
- Aukin útivera.
- Góð leið til að losa nemendur við snjalltækjanotkun.
- Fá ekki þessa leiki, samskipti og nánd annarsstaðar.
- Gott fyrir þau að geta kúplað sig út úr hversdagsleikanum.

9. Annað

- Huga betur að óþoli og ofnæmi.

Gefið eftirfarandi þáttum einkunn, 1 er lægst og þýðir að þið séuð alls ekki ánægð með viðkomandi þátt í starfi/aðstöðu okkar, 10 þýðir að þið séuð hoppandi kát með viðkomandi þátt.

Meðaleinkunn úr tíu matsblöðum og þær athugasemdir sem komu á nokkrum blöðum, haust 2018

Matsþáttur	Einkunn 1-10	Ástæða
Aðstaða og aðbúnaður á heimavist	7,7	Svör; Fleiri salerni á stelpugangi, fúkkalykt, húsgögn komin á tíma, gluggar illa farnir, hljóðbært.
Þrif í húsnæðinu yfir vikuna	9,3	Mætti yfirfara salernin oftar á daginn. (eitt blað)
Viðmót starfsmanna gagnvart nemendum	10	Frábært starfsfólk.
Viðmót starfsmanna gagnvart ykkur	10	Vel tekið á móti okkur.
Maturinn	8,4	Svör á einu blaði; Meira grænmeti, of mikið af tilbúnum mat, næringarsnautt. Fjölkornabrauð.
Aðstaða fararstjóra	10	Dásemd!!!